

Þegar Ísland var Gana

Þorvaldur Gylfason*

Hversu ótrúlegt sem það kann að virðast var landsframléiðsla á mann á Íslandi um aldamótin 1900 svipuð og hún er nú í Gönu. Í fyrra var Ísland ásamt Noregi efst á lífskjaralista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna samkvæmt vísitölu, sem mælir langlífi, fullorðinslæsi og menntun auk kaupmáttar þjóðartekna. Geta Afríkulönd og önnur þróunarlönd leikið það eftir Íslandi að hefja sig á einni stuttri öld úr örbirgð til allsnægta? Hvað skyldi þurfa til?

Hagtölur með ömmu

Árið 1901 var amma mín tuttugu og fjögurra ára. Hún eignaðist sex börn eins og algengt var á Íslandi á þeim tíma, þótt fæðingum á hverja konu hefði að meðaltali fækkað úr nærri sex snemma á sjötta áratug 19. aldar í fjórar fæðingar í kringum 1900, sem er sami fjöldi og í Gönu á okkar dögum. Reyndar var meðalfjöldi fæðinga á hverja konu á Íslandi fjórar 1960, þannig að aðeins um hálf öld eða minna skilur að Ísland og Gönu að þessu leyti. Það tók Gönu innan við fimm tíu ár, þ.e. frá 1960 til dagsins í dag, að fækka fæðingum á hverja konu um þrjár, úr sjö í fjórar. Það tók Ísland eina og hálfra öld, frá síðari hluta sjötta áratugs 19. Aldar til dagsins í dag, að fækka fæðingum á hverja konu um þrjár, úr fimm í tvær (eða 2,1, svo öllu sé til haga haldið, en sú tala heldur mannfjöldanum óbreyttum, ef horft er fram hjá fólksflutningum milli landa).

Vissulega hefur Gönu gengið betur að draga úr fólksfjölgun en mörgum öðrum Afríkulöndum. Meðalfjöldi fæðinga á hverja konu í Afríku sunnan Sahara hefur lækkað úr 6,7 árið 1960 í 5,3 árið 2005. Meðaltölin hylja verulegan mun á frjósemi milli landa. Hver kona á Míritíus í miðju Indlandshafi fæðir nú tvö börn að jafnaði borið saman við sex börn 1960. Í Botsvönu hefur barnsfæðingum fækkað úr sjö á hverja konu 1960 í þrjár nú. Að meðaltali eiga konur í Keníu, Tansaníu og Úgöndu nú fimm, sex og sjö börn frekar en átta, sjö og sjö 1960.

Langar ævir í litlum fjölskyldum

Því eru þessar lýðfræðilegu staðtölur raktar hér, að félagsvísar gefa oft skýrari mynd en hagvísar af mikilvægum þáttum efnahagsframfara. Jafnframt liggja fyrir í flestum löndum allmargir félagsvísar um heilbrigði og menntun, svo sem frjósemi, langlífi og læsi, og ná iðulega lengra aftur í tímann en hagtölur. Frjósemi skiptir máli vegna þess, að flestar fjölskyldur með mörg börn á framfæri hafa ekki ráð á að senda þau öll í skóla og gefa þeim þannig færi á að lifa lífinu til fulls. Fjölskyldur með færri börn, segjum tvö eða þrjú, hafa frekar tök á að bjóða öllum börnum góða menntun og veita þeim tækifæri, sem þau fengju ekki ella. Minni fjölskyldur stuðla þannig að meiri og betri menntun og meiri lífsfyllingu. Eins og sænski læknaprófessorinn Hans Rosling hefur lýst á lifandi hátt í fyrirlestrum sínum eru stuttar ævir í stórum fjölskyldum ekki lengur samnefnari þjóðlífsins í þróunarlöndum.

* Höfundur er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands.

Víða um heim, líkt og víða í Afríku, tekur fólk langar ævir í litlum fjölskyldum fram yfir stuttar ævir í stórum fjölskyldum. Í Gönu til dæmis hafa lífslíkur við fæðingu aukizt um ríflega þrjá mánuði fyrir hvert ár frá 1960, eða úr 46 árum 1960 í 58 ár 2005. Í öllum 48 löndunum sunnan Sahara hafa lífslíkur að meðaltali aukizt hægar, eða úr 41 ári 1960 í 47 ár 2005. Nú aukast lífslíkur á ný í Afríku, en þær voru mestar 50 ár á síðari hluta níunda áratugarins, og síðan dró úr þeim einkum vegna útbreiðslu eyðnifaraldursins.

Hagsaga Íslands með afrískum augum

Snúum okkur aftur að Íslandi og rekjum stuttlega sögu efnahagslífsins frá 1901 af afrískum sjónarhóli, ef svo má segja. Um aldamótin 1900 var landsframleiðsla á mann á Íslandi nokkurn veginn hin sama og hún er nú í Gönu, eins og áður var nefnt, og er þá miðað við kaupmáttarkvarða. Þessi staðhæfing (sjá mynd) hvílir á tveimur einföldum staðreyndum:

- (a) landsframleiðsla á mann á Íslandi hefur aukizt fimmtánfalt frá 1901, eða um 2,6 prósent á ári að jafnaði 1901-2006,
- (b) árið 2006 var landsframleiðsla á mann í Gönu 2.640 Bandaríkjadalir á kaupmáttarkvarða eða um einn fjórtándi af framleiðslu á mann á Íslandi (36.560 dalir).

Með tímanum óx íslenzku efnahagslífi fiskur um hrygg. Ójafni ferilinn á myndinni sýnir, hvernig landsframleiðsla á mann á Íslandi hefur sveiflaxt til frá ári til árs, og jafna línun sýnir samsvarandi framleiðslugetu á mann og horfir fram hjá hagsveiflum. Árið 1920 var landsframleiðsla á mann á Íslandi eins og hún er nú í Lesótó. Árið 1945 var Ísland komið á sama stað og Namibía nú og 1960 á sama stað og Botsvana. Árið 2006 hafði landsframleiðsla á mann í Botsvönu náð 12.250 Bandaríkjadöllum, þriðjungur af landsframleiðslu á mann á Íslandi (og meira en í Rússlandi með 11.630 dali, þótt það skipti ekki máli hér). Landsframleiðsla á mann á Íslandi 1960 var þriðjungur af því sem hún er í dag, og árleg aukning hennar um 2,6 prósent þrefaldaði framleiðslu á mann frá 1960 til 2006. Árið 1985 dugar samanburður við Afríku ekki lengur til, því að þá hafði Ísland náð núverandi stöðu Suður-Kóreu.

Auður og bækur hrannast upp

Hvernig fórum við að þessu? Í stuttu máli náði Ísland að safna auði nokkuð fljótt í kjölfar heimastjórnar 1904, hvers kyns auði, sem er ásamt mikilli vinnu driffjöður blandaðs markaðsbúskapar: innlendu fjármagni með sparnaði og fjárfestingu, mannauði með menntun og þjálfun, erlendu fjármagni með millilandaviðskiptum, lausafé með bankastarfsemi og félagsauði með lýðræði, uppbyggingu innviða og jöfnuði. Náttúruauður gegndi einnig mikilvægu hlutverki, fyrst gjöful fiskimið og síðar í vaxandi mæli vatnsorka og jarðvarmi, en til að geta með árangursríkum hætti nýtt þennan náttúruauð þurfti fyrst að byggja upp mannauðinn. Og mannauður er líklega mikilvægasta skýringin á miklum hagvexti á Ísland með síauknu langlífi í litlum fjölskyldum.




Þegar heimastjórn komst á 1904, voru flestir Íslendingar læsir þrátt fyrir sára fátækt, en læsi var þegar orðið almennt í lok 18. aldar. Íslendingar voru því vel búnir undir nútímann við upphaf 20. aldar. Góð menntun í krafti almenns læsis eykur hagvöxt, og félagsumhverfið, til dæmis löghlýðni, stuðlaði að almennu læsi og renndi þannig enn frekari stöðum undir hagvöxtinn. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um læsi á Íslandi um 1900, en staðtölur um fjölda útgefna bóka eru til. Árið 1906 var fjöldi bóka á íslensku á hverja þúsund íbúa 1,6, sem er meira en nú tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Árið 1966 hafði fjöldi útgefna bóka á Íslandi á hverja þúsund íbúa aukist í 2,7, sem er svipað og nú í Danmörku og Finnlandi. Árið 2000 var íslenska talan komin upp í sjö bækur á hverja þúsund íbúa. Vera má, að lítið upplag hversrar bókar geri fámennum löndum eins og Íslandi kleift að gefa út fleiri bækur en ella. Hvað sem því líður, lestur glæðir hagvöxt.

Bil að brúa

Nú í upphafi 21. aldarinnar glímur Afríka einkum við tvö verkefni. Í fyrsta lagi þarf að útrýma ólæsi, þar eð menntun er lykillinn að uppbyggingu mannauðs og annarrar auðlegðar og auk þess lykillinn að hagfeldri auðlindastjórn, sem ýtir undir hagvöxt. Árið 1970 kunnu 28 prósent fullorðinna í Afríkulöndum sunnan Sahara að lesa og skrifa. Árið 1990 var læsi komið upp í 51 prósent í Afríku og 61 prósent 2006. Læsi meðal ungmenna á aldrinum 15 til 24 ára var komið upp í 73 prósent 2006. Eyða þarf ólæsi eins skjótt og unnt er; ekkert barn má verða út undan. Með almennu læsi í Gönu mætti auka landsframleiðslu á mann fimmtánfalt – því ekki það? – á þrem mannsöldrum eða minna líkt og Ísland gerði í skjóli lýðræðis og auðsöfnunar af öllu tægi með menntun, viðskiptum og fjárfestingu, og hið sama gætu önnur lönd í Afríku gert. Vissulega eiga flest Afríkulönd lengra í land en Gana, þar sem landsframleiðsla á mann 2006 var tvöfalt meiri en í Keníu og nærri fjórföld á við Malaví.

Nú hafa 14 af þeim 48 Afríkulöndum sunnan Sahara náð að koma fjölda fæðinga á hverja konu niður fyrir 4,3, sem er sama fæðingartala og á Íslandi 1960. Stundum er styttra í mark en ætla mætti.



Með afrískum augum: Framleiðsla á mann á Íslandi 1901-2006 (2000 = 100)

